

**GO-KART KAPPAKSTURSBRAUT, ICELAND MOTOPARK.  
REYKJANESBÆ  
Ákvörðun um matsskyldu**

**HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Go-kart kappakstursbraut Iceland MotoPark í Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, landslag, gróður og fuglalíf, menningarminjar og grunnvatn verði óveruleg.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ennfremur starfsleyfi Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Iceland Motopark og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

## INNGANGUR

Þann 10. október 2007 tilkynnti Iceland MotoPark uppbyggingu Go-kart kappakstursbrautar í Reykjanesbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 5. nóvember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfum dags. 8. og 22. nóvember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. október 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Iceland Motopark með bréfi dags. 13. nóvember 2007.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Framkvæmdin er á vegum Iceland MotoPark. Kappakstursbrautin sem um ræðir er s.k. Go-kart braut, 1,2 km á lengd. Hún liggur sunnan vegamóta Reykjanesbrautar og Grindavíkurveggar. Áætlað er að brautin verði starfrækt milli kl. 09:00 og 23:00, sjö daga vikunnar u.þ.b. 9 mánuði á ári. Dæmigert er að 25 bílar aki samtímis í brautinni. Hver keppni tekur u.þ.b. 15 mínútur og geta verið allt að fjórar keppni á klst. Þegar álag er mest. Í u.þ.b. 20% tilvika verða bílar með tvígengisvélar í keppni en algengast er að bílar með fjörgengisvélar séu notaðir. Alls er um að ræða 7 ha framkvæmdasvæði sem skv. deiliskipulagi er skilgreint sem „opið svæði til sérstakra nota“. Lega brautarinnar fylgir í aðalatriðum landslagi, sem er flatt að mestu. Allt efni vegna jarðvegsvinnu er unnið innan svæðisins, niður á um 0,5 m dýpi. Reiknað er með að malbika þurfi um 25.000 m<sup>2</sup> vegna akstursbrautar, öryggissvæðis og þjónustusvæðis. Einnig er gert ráð fyrir þjónustubyggingu og þjónustuskúrum samhliða lagningu brautarinnar, sem eru alls um 2.000 m<sup>2</sup>.

Í umhverfisskýrslu vegna aðalskipulagsbreytingar kom fram að umhverfisáhrif á jarðfræði og náttúrufar yrðu óveruleg en að uppbygging á svæðinu myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun á svæðinu og þar með útivist. Einnig kom fram í umhverfisskýrslu að fyrirhuguð uppbygging myndi hafa neikvæð áhrif á ásýnd tiltölulega óraskaðs svæðis. Áhrif á vatnafar, heilsu og öryggi, samgöngur, loft, menningarminjar og þróun byggðar voru talin óveruleg. Uppbyggingin var talin hafa jákvæð áhrif á atvinnu og þjónustu en óvissa var um áhrif á núverandi verslun og þjónustu.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að land á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé í eigu Reykjanesbæjar og óbyggt en í suðri sé útivistarsvæðið við Sólbrennur og Seltjörn.

**Áhrif á grunnvatn.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í nágrenni, en utan grannsvæðis vatnsverndar sem liggur sunnan Reykjanesbrautar. Grunnvatnsstraumar á svæðinu renni hins vegar til norðurs en ekki til suðurs í

átt að vatnstökusvæðinu við Lágur. Fyrir liggi það mat Verkfræðistofunnar Vatnaskila að miðað við áætlaða hámarksdælingu úr Lágasvæði (1800 l/s) sé engin hætt á að mengun berist í vatnsból frá Reykjanesbraut. Fram kemur að sama ætti að gilda um Go-kart braut á þessu svæði. Gert sé ráð fyrir að jarðvegsvinna vegna lagningar brautarinnar verði aðeins niður á 0,5 m dýpi.

**Áhrif á hljóðvist.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað hafi verið út hljóðstig frá starfsemi Go-kart brautar miðað við 25 bíla á braut. Útreikningar sýni að hljóðstig verði 75 til 80 dB(A) á brautinni sjálfri og um 60 dB(A) við húsveggi þjónustustarfsemi meðfram Reykjanesbraut. Hljóðstig frá starfsemi Go-kart brautar verði því undir mörkum reglugerðar 933/1999 um hávaða þar sem viðmiðunargildi fyrir hljóðstig frá umferð utan við húsvegg á jarðhæð og opnanlega glugga í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum í þéttbýli er 55 dB(A) en ekki er fyrirhuguð íbúðarbyggð milli brautarinnar og Reykjanesbrautar.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé að mestu slétt og einsleitt grágrýtishraun. Fyrirhuguð kappakstursbraut rísi ekki hátt yfir landi en hins vegar sé fyrirhuguð mikil uppbygging á atvinnu- og þjónustu í nágrenni brautarinnar, sem muni hafa mun meiri áhrif á ásýnd svæðisins.

**Áhrif á gróður og fugla.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið einkennist af gróðurflákum með mosapembu og lyngi en inn á milli séu ber moldarflog. Fléttur eru áberandi, aðallega hreindýramosi. Á svæðinu gæti einkum verið búsvæði mófugla en þar sem umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar er lítið (7ha) þá verða áhrifin óveruleg.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við breytingu sem gerð var á Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995 - 2015 og var staðfest af umhverfisráðherra þann 9. júlí 2007, þar sem 55 ha óbyggðu svæði var breytt annars vegar í 18 ha opið svæði til sérstakra nota og hins vegar í 37 ha verslunar- og þjónustusvæði. Bygging Go-kart kappakstursbrautar sé einnig í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafi samþykkt að auglýsa. Umhverfismat fyrir deiliskipulag var byggt á umhverfisskýrslu sem fylgdi áður nefndri breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar.

Tilgangur með fyrirhugaðri framkvæmd er að bjóða upp á aðstöðu fyrir Go-kart kappakstur. Svæði sem nýtt var undir Go-kart braut í Reykjanesbæ var tekið undir þjónustu- og verslunarhúsnæði og því hefur verið ákveðið að byggja upp nýja braut á þessum stað. Það er mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð framkvæmd við gerð Go-kart brautarinnar komi ekki til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun telja ekki þörf á því að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé talið að áhrif á loftgæði

verði umfram viðmiðunarmörk. Bent er á að fram komi í tilkynningarskýrslu að talið sé að hljóðstig við húsveggi aðliggjandi þjónustustarfsemi verði um 60 dB(A) þar sem það verði hæst. Þó það sé ekki tekið fram í tilkynningunni þá telji Umhverfisstofnun að hér sé átt við áætlað hámarks hljóðstig meðan á hverri keppnislotu stendur. Sé það rétt verði hljóðstig innan viðmiðunarmarka.

Í svörum framkvæmdaraðila er ekki gerð athugasemd við umsögn Umhverfisstofnunar.

**Áhrif á grunnvatn.** Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að í 4. kafla tilkynningarinnar, um staðhætti, komi fram að jarðsprunga liggja á svæðinu og að í kafla 7.2, um áhrif á grunnvatn, komi fram að grunnvatnsstreymi sé til norðurs. Bent er á að sveitarfélagið Vogar hafi í hyggju að taka í notkun tvær neysluvatnsborholur í Vogavík rétt norðaustan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Með tilliti til þessa gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja þá kröfu að frekari rannsóknir fari fram á jarðsprungum og grunnvatnsstreymi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Samkvæmt núverandi tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins Voga 2007-2027 sé gert ráð fyrir að á árunum 2007-2008 flytjist vatnsból á svæði sunnan við þéttbýlið í Vogum, við lóðarmörk fiskeldisstöðvar Stofnfisks í Vogavík. Á árinu 2007 hafi Hitaveita Suðurnesja gert samning við eigendur Stofnfisks um kaup á vatnsbóli stöðvarinnar. Fyrir liggja athugun Verkfræðistofunnar Vatnaskil á grunnvatnsstraumum og jarðfræðiúttekt VSÓ Ráðgjafar er nái til fyrirhugaðs MotoPark svæðis og nágrenni þess. Þar komi fram að grunnvatnsstraumar frá fyrirhuguðu akstursípróttasvæði liggja að grannsvæði vatnsbóls í Vogavík. Við breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna MotoPark svæðisins hafi komið fram það álit Hitaveitu Suðurnesja að ef hugsað verði fyrir fráveitu og skólpi þurfi ekki að hafa áhyggjur af mengun grunnvatnsstraums. Því sé ekki talið nauðsynlegt að ráðast í frekari jarðfræðilegar rannsóknir á grunnvatnsrennsli og áhrifum á vatnsból. Fyrir liggja einnig að fráveita á svæðinu verði tengd við stofnlagnir í Fitjum og að starfsemin er starfsleyfisskyld.

Í frekari umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að rannsókn sem krafist var í fyrri umsögn sé ekki þörf með tilvísun til þeirra upplýsinga sem koma fram í svarbréfi VSÓ ráðgjafar, dags. 13. nóvember 2007, um fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstöður og afstöðu Hitaveitu Suðurnesja.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á nokkuð sléttu grágrýtishrauni. Akstursbrautin muni liggja lágt í landi þannig að sjónræn áhrif verða í lágmarki og einnig beri að líta til þess að ráðgert sé að reisa hærri byggingar í næsta nágrenni brautarinnar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða gerð 1,2 km langrar svokallaðrar Go-kart kappakstursbrautar er verður sunnan vegamóta Reykjanesbrautar og Grindavíkurveggar. Áætlað er að brautin verði starfrækt milli kl. 09:00 og 23:00, sjö daga vikunnar u.þ.b. 9 mánuði á ári. Alls er um að ræða 7 ha svæði sem skv. tillögu að deiliskipulagi er skilgreint sem „opið svæði til sérstakra nota“. Reiknað er með að malbika þurfi um 25.000 m<sup>2</sup> vegna kappakstursbrautar, öryggissvæðis og þjónustusvæðis. Einnig

er gert ráð fyrir þjónustubyggingu og þjónustuskúrum samhliða lagningu brautarinnar, sem verði alls um 2.000 m<sup>2</sup>.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við breytingu sem gerð var á Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995 - 2015 og var staðfest af umhverfisráðherra þann 9. júlí 2007, þar sem 55 ha óbyggðu svæði var breytt annars vegar í 18 ha opið svæði til sérstakra nota og hins vegar í 37 ha verslunar- og þjónustusvæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á núverandi og fyrirhugaða landnotkun á svæðinu verði óveruleg þar sem hljóðstig frá akstri á brautinni verði innan viðmiðunarmarka. Áhrif framkvæmdarinnar á landslag verða óveruleg þar sem kappakstursbrautin verður felld að landi og gert er ráð fyrir að reisa háar byggingar í næsta nágrenni brautarinnar sem hafi mun meiri sjónræn áhrif en brautin sjálf. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fugla verða óveruleg þar sem gróður er hvorki sérstæður né gróskumikill og fuglalíf lítið. Áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn og vatnsból verði óveruleg þar sem gert er ráð fyrir að röskun á landi vegna landmótunar nái innan við einn metra niður og fráveita frá kappakstursbrautinni verði tengd stofnlögnum í Fitjum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Iceland MotoPark við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Iceland MotoPark vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð Go-kart kappakstursbrautarinnar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ennfremur starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og það ber að hafa samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismatsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Iceland MotoPark og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. janúar 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson